



11. janúar 2024

# Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Stöðukynning fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði

Sigríður Finnbogadóttir, verkefnastýra



## Réttlæti

Réttlæti felst í því að horfa til þess hvaða áhrif aðgerð, tillaga eða verkefni kann að hafa á mismunandi hópa og bregðast við ef tillagan er talin líkleg til að auka misrétti.



## Jafnrétti

Opinber stefnumótun og ákvarðanataka viðurkenni að staðan er ójöfn og taki skref til að leiðrétta hana. Að nota opinbert fé til að stuðla að jafnrétti - vinna í átt að jafnrétti með því að varpa ljósi á viðvarandi kynjamynstur í samfélaginu og finna leiðir til að a) taka tillit til stöðunnar og b) vinna gegn þessum mynstrum og c) koma í veg fyrir mismunun.



## Skilvirkni

Það skiptir máli að stefnumörkun og aðgerðir skili því sem þeim er ætlað að skila. Það þarf því að taka þarfir, hegðun og viðhorf fólks inn í myndina við stefnumótun og aðlaga stefnumótun og áætlanagerð að hegðun, þörfum og viðhorfum fólks. Ef stefna hefur ólík áhrif á hegðun fólks eftir kyni eða öðrum þáttum þá er óskilvirkt að horfa fram hjá því.



# Hlutverk kjörinna fulltrúa

## Kjörnir fulltrúar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd KFS

- Taka ákvarðanir um tekjuöflun og útgjöld borgarinnar og því í lykilhlutverki þegar kemur að því að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar við forgangsröðun og ákvarðanatöku
  - Gæta að því að ákvarðanir séu teknar með upplýstum hætti
- Jafnréttisskimanir eiga að fylgja málum þegar þau eru tekin fyrir
  - Ef jafnréttisskimun fylgir ekki ætti að kalla eftir henni
  - Ef tilefni er til má kalla eftir dýpra mati í kjölfarið



## Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Upplýsingarit fyrir kjörna fulltrúa

[Upplýsingarit fyrir kjörna fulltrúa](#)



# Ábyrgðarskipting

## Borgarstjórn

ber ábyrgð á að kynja- og jafnréttis-  
sjónarmið og niðurstöður jafnréttis-  
skimana/mata séu höfð til hliðsjónar  
við ákvarðanatöku

## Borgarráð

ber ábyrgð á að fjallað sé um  
jafnréttisáhrif verkefna

## Fagráð

bera ábyrgð á að kynja- og jafnréttis-  
sjónarmið séu höfð til grundvallar við  
mótun verkefna og liggi fyrir við  
afgreiðslu mála. Þau staðfesta  
áætlanir sviða um greiningar og  
framkvæmd og taka ákvörðun um  
aðgerðir í kjölfar greininga á  
þjónustubáttum

## Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

fylgir eftir framkvæmd KFS, gegnir  
stefnumarkandi hlutverki, sinnir  
eftirliti og setur fram hugmyndir um  
aðferðafræði til að nýta við  
framkvæmdina



# Jafnréttisskimun og jafnréttismat

## Undirbúningur fjárhagsáætlunar

- Jafnréttisskimun og –mat á tillögum að nýjum verkefnum.
- Kallað eftir í janúar, skilað um miðjan apríl.
- Ef verkefni hljóta áframhaldandi brautargengi ætti að framkvæma jafnréttismat

## Undirbúningur fjárfestingaráætlunar

- Jafnréttisskimun og –mat á tillögum að nýjum verkefnum
- Kallað eftir í upphafi árs, skilað fyrir lok apríl
- Horft til niðurstaðna skimana við forgangsröðun
- Samþykkt verkefni ættu að vera jafnréttismetin

## Viðaukar við samþykka áætlun

- Jafnréttisskimun og –mat v. breytinga á samþykktri áætlun
- Yfir árið, þegar viðaukar eru teknir fyrir



# Í janúar

- Útbúa og samþykkja tíma- og verkáætlun KFS fyrir 2024 sem verður lögð fyrir samhliða tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar
- Sviðum falið að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- Endurskipa í KFS starfshóp á fjármála- og áhættustýringasviði
- Kallað eftir jafnréttisskimunum vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar og vegna tillagna að fjárfestingum.
  - Rafrænt form tekið í notkun



# Verkefni sem eru í vinnslu

- Uppfærð Handbók KFS
  - Lokadrög í yfirllestri
- Kynin í borginni – kyngreind tölfræði
  - Beðið eftir innanhúss gögnum
- Tölfræði um úthlutanir styrkja birt á vef borgarinnar
  - Unnið í samstarfi við ÞON
- Samstarf við HÍ – nemendaverkefni í áfanganum hagnýting jafnréttisfræða
  - Vorönn 2024
- Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun
  - Sótt um styrk í nýsköpunarsjóð Rannís 2024
- Ársskýrsla KFS 2023 sem er lögð fram samhliða ársreikningi
  - mars/apríl
- Jafnrétti og fjölbreytileiki – fræðsla fyrir starfsfólk í KFS starfshópum
  - Átta vikna námskeið með Just Consulting, 1.febrúar-21.mars



# Greiningar þjónustupáttanna 2023

Svið	Áætlun 2023	Staða
MÍT	Tónlistarbogin – Keychange	Ekki hafið – frestað til 2024
SFS	Skólahljómsveitir	Ekki hafið – frestað til 2024
ÞON	Upplýsingatækni – þjónusta	Frestað
USK	Rekstur hverfahluta austur og vestur	Ekki hafið – frestað til 2024
	Heilbrigðiseftirlitið	Ekki hafið – frestað til 2024
	Skipulagsfulltrúi	Í vinnslu – skil 2024
VEL	Húsnæði fyrir fatlað fólk	<b>Lokið</b>
	Þjónusta við flóttafólk	Í vinnslu – skil 2024
	Biðlistar eftir félagslegu húsnæði	Ekki hafið – frestað til 2024
	Úthlutanir í félagslegt húsnæði	Ekki hafið – frestað til 2024

Alls hafa 64 þjónustupáttir borgarinnar verið greindir með aðferðafræði KFS





# Helstu niðurstöður


## Húsnæði fyrir fatlað fólk

Nýjar úthlutanir




47  
mánuðir

Milliflutningur




11  
mánuðir

### Húsnæði með stuðningi




■ Karlar (n=83) ■ Konur (n=34)

### Íbúðakjarnar



■ Karlar (n=236) ■ Konur (n=120)

### Biðlisti



■ Karlar (n=87) ■ Konur (n=46)



# Áskoranir

- Efla þekkingu á jafnréttismálum
- Rýna í tekjuliði
- Hvernig getum við samþætt kynja- og jafnréttissjónarmið við stærri verkefni, stefnumótun og áætlanagerð?
  - Tilraunaverkefni í samvinnu við KFS starfshóp Ráðhússins. Greiningar út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum á
    - [Lýðheilsustefnu](#)
    - Græna planinu
    - Alþjóðastefnu
    - [Húsnæðisáætlun](#)

# Tækifæri

- Mat á kynja- og jafnréttisáhrifum
  - Full ástæða til að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar við alla stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku
  - Tækifæri til betri stefnumótunar
    - Þegar tekið er mið af stöðu fólks út frá ýmsum þáttum þá eru meiri líkur á að við náum þeim markmiðum sem eru sett
  - Tækifæri til betri gæðastjórnunar
    - Aukið gegnsæi og aðhald við úthlutun almannagæða
  - Tækifæri til að setja jafnréttis- og mannréttindaákvæði inn í samninga



# Takk fyrir!

Sigríður Finnbogadóttir

Verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

[sigridur.finnbogadottir@reykjavik.is](mailto:sigridur.finnbogadottir@reykjavik.is)

[www.reykjavik.is/kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun](http://www.reykjavik.is/kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun)



Reykjavík